



Fundargerð aðalfundar MS-félags Íslands 2021

Aðalfundur félagsins haldinn 10. maí kl. 17.00.

Í ljósi aðstæðna var aðalfundurinn haldinn rafrænn í ár. Mættir voru rafrænt á Zoom 20 félagsmenn.

Björg Ásta Þórðardóttir formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður lagði til Heiðu Björgu Hilmisdóttur sem fundarstjóra og Berglindi Guðmundsdóttur sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt. Heiða Björg tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og lýsti fundinn lögmætan.

b) Skýrsla stjórnar.

Björg Ásta formaður las skýrslu stjórnar. Fór hún yfir helstu þætti í starfi félagsins. Félagið náði þrátt yfir erfiða tíma að halda úti þjónustu við félagsmenn. Skrifstofa var að langmestu leyti opin og einnig var þjónusta félagsráðgjafa og sálfræðings í boði. Á skrifstofu eru tveir starfsmenn og auk þess félagsráðgjafi og sálfræðingur í verktakavinnu. Mikil aukning er í þjónustu félagsráðgjafa og fjölgaði viðtölum úr 55 árið 2019 í 104 árið 2020. Sálfræðiráðgjöf var einnig vel nýtt og fjölgaði viðtölum úr 40 árið 2019 í 60 viðtöl árið 2020.

Nokkur námskeið voru haldin, námskeið fyrir nýgreinda, minnisnámskeið bæði í Reykjavík og á Akureyri. Einnig var boðið uppá léttar æfingar á fésbókinni, MS-þrek. Ýmis fræðsla virk á netinu, fjölmargir fyrirlestrar og kynningar á þjónustu.

Að venju komu út tvö tölublöð MS- blaðsins. Rafrænn bæklingur um þreytu þýddur úr ensku og eins hreyfimynd um kynlíf og MS sem var þýdd og talsett á íslensku. Þá var umfjöllun um Covid-19 á heimasíðu. Einnig var miðlað á heimasíðu upplýsingum frá EMSP en Barometer kom út á árinu en þar koma fram margskonar upplýsingar um stöðu MS-greindra í Evrópu. Félagið leggur áherslu á bætta þjónustu við MS-fólk, þar á meðal að koma upp skrá (register) um fjölda MS-greindra og bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Lítið var um viðburði í raunheimum á árinu. Námskeið féllu niður að mestu leyti. Aftur á móti voru viðburðir á netinu. Alþjóðadagurinn var rafrænn en fastir viðburðir eins og sumarhátíð, jólaball og páskabingó féllu niður.

Erlent samstarf var líkt og áður norrænt samstarf NMSR og Evrópusamstarf EMSP, en nú voru fundir rafrænir. MS-félagið gerðist aðili að alþjóðlegu bandalagi um síversnun í MS, þátttaka okkar er táknræn, því lítið félag hefur ekki burði til að leggja til háar fjárhæðir til rannsókna.

Styrkir og fjáröflun hefðbundin. Styrkir frá Heilbrigðisráðuneyti, Reykjavíkurborg, ÖBÍ og Reykjavíkumaraþoni. Einnig styrktu Elko og VÍS félagið. Fjáröflun félagsins var einkum sala á dagatali sem gekk vel svo og tekjur frá sölu á auglýsingum og styrktarlínum í MS-blaðið.

Félagið veitti einnig styrki. Styrktarsjóður ungra námsmanna veitti 5 styrki á árinu og einnig voru veittir styrkir til 24 félagsmanna fyrir jólin. Félagið styrkti Setrið með húsgögnum í matsal og nýrri hurð út á verönd.

Jafningastuðningur(Stuðningsnetið) færðist til félagsins og er sú þjónusta í þróun. Félagið er í viðræðum við önnur félög um úrræði fyrir börn með MS. Einnig er félagið í samráði við Parkinsonsamtökin og ÖBI að tala fyrir heimilisúrræðum fyrir langveika.

MS-félagið er virkt í starfi á vegum ÖBÍ og á fulltrúa í mörgum nefndum, s.s. stjórn ÖBÍ, stjórn Brynju (Hússjóðs ÖBÍ), málefnaþópum, kjörnefnd, undirbúningsnefnd hvatningaverðlauna. Þá átti félagið fulltrúa á stefnuþingi ÖBÍ sem og fulltrúa í samráðshópum og notendaráðum í nokkrum sveitarfélögum.

c) Endurskoðaðir ársreikningar.

Ingveldur Jónsdóttir gjaldkeri kynnti ársreikninginn. Rekstrartekjur árið 2020 eru kr. 82.392.145 en kr. 40.406.571 árið 2019. Skýring á tekjuauka milli ára er að hluta vegna þess að skipt var um fyrirtæki sem sá um úthringingar til tekjuöflunar, vegna þess var seinkun á tekjuöflun og hluti tekna ársins 2019 færðust á árið 2020. Hagnaður ársins eftir afskriftir kr. 10.106.832. Launakostnaður hækkaði milli ára en það skýrist af því að árið 2019 voru stöðugildi 1,3 en 1,7 á árinu 2020. Vaxtatekjur lækkuðu enda vextir í lágmarki. Tekjur jukust milli ára, kostnaður við fjáröflun jókst í samræmi við árangur í fjáröflun en ýmis önnur útgjöld lækkuðu, m.a. námskeiðakostnaður.

Efnahagsreikningur. Eignir félagsins eru kr. 230.325.678. Þar af er húseign félagsins Sléttuvegur 5 kr. 136.243.300. Eigið fé er ávaxtað í ýmsum sjóðum, m.a. varasjóði, viðhaldssjóði og fræðslusjóði.

Reikningar eru endurskoðaðir af KPMG og skoðunarmanni félagsins.

d) Umræða um og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.

1. Spurt var um ástæðu hækkunar endurskoðunar ársreikninga. Fulltrúi KPMG var til svara og sagði að umfang skoðunar hefði verið aukið, m.a. ráðgjöf til félags. Reikna má með lækkun á næsta ári.

2. Spurning um nýgengi MS sem fram kom í skýrslu formanns, spurt hvort fjölgunin væri 22% hér á landi. En svarið er að nýgengi í heiminum hefur aukist um 22%, greiningum hefur fjölgað sem bendir til þess að fólk er að fá betri þjónustu.

3. Spurning um hvað fælist í þátttöku í alþjóðlegu bandalagi um síversnun í MS? Framkvæmdarstjóri svaraði og sagði að þátttaka okkar væri fyrst og fremst táknrænn stuðningur, enginn fulltrúi er frá Íslandi, því lítil félag hefur litla burði til að styrkja rannsóknir.

Fundarmenn þökkðu fyrir góða skýrslu og greinargóðar útskýringar ársreikninga. Skýrsla stjórnar og ársreikningar borin undir atkvæði og hvort tveggja samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

e) Upphæð árgjalds ákveðinn.

Félagsgjaldið fyrir árið 2021 var ákveðið á aðalfundi félagsins í fyrra og er kr. 3.000. Í ljósi góðrar stöðu félagsins leggur stjórn til að félagsgjaldið árið 2022 falli niður. Vonast er til að þessi ákvörðun hvetji fólk til að ganga í félagið. Ánægja meðal fundarmanna með þessa ákvörðun og tillagan samþykkt.

f) Lagabreytingar.

Engar lagabreytingatillögur.

g) Kosning stjórnar, fyrsta og annars varastjórnarmanns.

Björg Ásta Þórðardóttir formaður, sækist ekki eftir endurkjöri, Ólína Ólafsdóttir stjórnarmaður, hefur lokið 8 ára stjórnarsetu.

Borist hafa framboð frá Hjördísi Ýrr Skúladóttur til formanns, Alvari Óskarssyni og Hauki Dór til stjórnarmanna og Evu Þorfinnsdóttur til varastjórnar. Fleiri framboð bárust ekki. Stjórn er því sjálfkjörin. Nýrri stjórn fagnað með rafrænu lófaklappi.

Stjórn MS-félags Íslands 2021-2022:

Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður

Alvar Óskarsson, Ingveldur Jónsdóttir, Berglind Björgúlfsdóttir og Haukur Dór

Varamenn: Eva Þorfinnsdóttir og Lára Björk Bender

h) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

Tillaga stjórnar um Krístrúnu Ingólfsdóttur, löggiltan endurskoðanda, KPMG og Valdimar Leó Friðriksson félagskjörinn skoðunarmann, samþykkt.

i) Kosning aðalfundarfulltrúa og varamanna á aðalfund ÖBI skv. lögum ÖBI.

Tillaga stjórnar um eftirtalda aðalmenn og varamenn samþykkt.

Aðalmenn: Garðar Sverrisson, Hjördís Ýrr Skúladóttir, María Pétursdóttir.

Varamenn: Ingibjörg Snorra, Ingveldur Jónsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir

j) Kosning nefnda.

Ungmennaráð: Eva Þorfinnsdóttir, Halldóra Björk Bergþórsdóttir, Lára Björk Bender, Roy Hearn og Svanhildur S. Mar.

Lára Björk formaður ungmennaráðs, sagði frá hópum SKELLUR. Markhópurinn er 18-35 ára, markmiðið að styðja hvort annað. Hópurinn er í stöðugri þróun, samskiptin hafa verið virk á WhatsApp og stefnt er á að halda viðburði á árinu.

Ritnefnd: Páll Kristinn Pálsson, ritstjóri, Berglind Guðmundsdóttir. Bergþóra Bergsdóttir, Dagbjört Anna Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Viðburðanefnd: Berglind Björgúlfsdóttir og Þórey Dögg Jónsdóttir

Hagsmunahópur. Engin framboð bárust.

k) Önnur mál.

Engin önnur mál en fundarstjóri hvatti félagsmenn til að hafa samband við skrifstofu ef félagsmenn hefðu einhverjar spurningar eða hugmyndir sem þeir vildu koma á framfæri. Berglind Ólafsdóttir þakkaði Björgu Ástu Þórðardóttur og Ólínu Ólafsdóttur fyrir óeigingjarnt starf, blóm og þakkir yrðu að bíða betri tíma. Óskaði hún nýrri stjórn til hamingju og velfarnaðar í starfi. Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og gaf boltann yfir til nýkjörins formanns sem þakkaði fyrir traustið og lýsti yfir tilhlökkun að takast á við starfið, hún mun leggja áherslu á að standa vörð um þjónustu félagsins, hlúa að fólki og nýta kosti tækninnar þar sem hún á við.

Nýkjörinn formaður sleit svo fundi kl. 18.30